11. Gamansaga frá sjóferðunum á Eyrarbakka.

1 renningur.

Um sjóferðirnar í Bakkanum hefi ég getið sérstaklega í öðrum stað og m.a. þess, að um eitt skeið gengu 48 skip frá Stokkseyri. Formennirnir voru veðurglöggir mjög og margir þeirra svo, að ýmsir aðrir höfðu þá beinlínis sem formenn fyrir sig, sérstaklega ef veðurútlitið var eitthvað athugavert og ískyggilegt þannig, að þeir sátu beinlínis í landi þangað til þeir sáu hina veðurglöggu og reyndu menn ganga til skips.

Kýmnisaga nokkur sýnir þetta.

Sjóbúðir þeirra Einars og Jóns stóðu saman og, sögum spöl frá lendingunni, þar sem skipin stóðu uppi alla tíð.

Jón fór mjög eftir því hvernig Einar hagaði sjóferðum sínum: Hann leit hvorki til loftsins né sjávar, en hafði góðar gætur á því, hvað Einar hafðist að. Þetta var á allra vitorði og einkum meðal hinna yngri sjómanna, er fundu upp á því, að leika á Jón. Einhverju sinni bar svo við, að stórveltubrim var á og engar líkur fyrir neinum róðri. Jón var uppi í heygarði sínum að taka hey í meisa sína ~~heypoka~~. Heystálið skýldi honum svo, að hann sást ekki þar sem hann stóð við stálið og hann sá heldur engan, úti í undirgarðinum.

Strákarnir notuðu sér nú tækifærið, hlupu um undirgarðinn og kölluðu svo hátt hver til annars, að Jón heyrði það: „Þeir eru farnir að ganga. Einar er að fara!"

Jón brást við, hljóp frá stálinu, hætti að leysa heyið og gekk rakleiðis að búðardyrum sínum,